



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Reykjavík, 1. október 2024

MSS24080045

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um orlofsuppgjör embættismanna

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um orlofsuppgjör embættismanna:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um það með hvaða hætti orlofsuppgjör hefur verið háttað fyrir embættismenn hjá Reykjavíkurborg sem látið hafa af störfum síðastliðin tíu ár. Óskað er sundurliðaðra upplýsinga fyrir hvert tilfalli fyrir sig.

Fyrirspurninni var vísað til mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Svar við fyrirspurn:

Embættismenn eiga samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkurborgar efnislega sama rétt til orlofs og annað starfsfólk Reykjavíkurborgar, sbr. ákvæði kjarasamninga Sameykis:

Orlof skal vera 30 dagar miðað við fullt starf. Ávinnsla orlofs skal vera hlutfallsleg miðað við starfshlutfall og starfstíma starfsmanns.

Líkt og hjá öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar þá er áunnið og ótekið orlof embættismanna gert upp við starfslok.

Neðangreint yfirlit sýnir uppgjör þeirra embættismanna sem hafa látið af störfum sl. 10 ár samkvæmt upplýsingum úr launakerfi Reykjavíkurborgar. Heildarfjöldi uppgerðra orlofsstunda innifelur í sér bæði áunnið orlof á því ári sem viðkomandi lét af störfum og síðan eldra og ótekið orlof sem hefur þá verið flutt frá fyrra orlofsári. Yfirlitið sýnir jafnframt orlofsstundir sem gerðar voru upp við starfslok umreiknaðar í fjölda daga.



Reykjavík



| Embættismenn 2014 -2024 sem hafa látið af störfum | Áunnar orlofsstundir við starfslok | Eldra ótekið orlof við starfslok | Heildarfjöldi orlofsstunda gerðar upp við starfslok þ.e. samanlagðar áunnar orlofsstundir og eldra ótekið orlof | Uppgerðar orlofsstundir við starfslok umreiknaðar í fjölda daga |
|--|---|---|--|--|
| Arna Schram | 180 | 60,19 | 240,19 | 30,02 |
| Birgir Björn Sigurjónsson | 20 | 824,82 | 844,82 | 105,6 |
| Ellý Katrín Guðmundsdóttir | 80,31 | 313,72 | 394,03 | 49,25 |
| Helga Björg Ragnarsdóttir | 160 | 226,31 | 386,31 | 48,29 |
| Huld Ingimarsdóttir | 240 | 177 | 417,9 | 52,24 |
| Kristbjörg Stephensen | 160 | 30,73 | 190,73 | 23,84 |
| Ólafur Jónsson | 60 | 350,3 | 410,3 | 51,29 |
| Ómar Einarsson | 200 | 722,3 | 922,3 | 115,3 |
| Ragnar Þorsteinsson | 180 | 133,17 | 313,17 | 39,15 |
| Regína Ástvaldsdóttir | 160 | 95,86 | 255,86 | 31,98 |
| Stefán Eiríksson | 200 | 432 | 632 | 79 |
| Stella K. Víðisdóttir | 80 | 362,17 | 442,17 | 55,27 |
| Svanhildur Konráðsdóttir | 240 | 377,32 | 577,32 | 72,17 |

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið